# Leyfð beisli og reiðmúlar 2023

Lokaútgáfa, gildir frá 1. apríl 2023

Þýtt frá Equipment | FEIF

Nánari upplýsingar um búnað í FEIF Equipment Manual (feiffengur.com)

## Hringamél

- Leyfð í kynbótasýningum og keppni
- Leyfð í öllum aldursflokkum og öllum greinum

### Leyft:

- Óbrotin mél, einbrotin eða tvíbrotin mél.
- Með D-hringjum, sporöskjuhringjum (egglaga) eða hringamél með lausum hringjum með eða án tunguboga.
- Þ- mél (full cheek) eru leyfð einungis með enskum múl.

- ### Leyfðir reiðmúlar:
- Enskur múll, Krossmúll (flash), þýskur múll (drop), Micklem (oft kallað tamningabeisli), Mótaður múll með skáreim (anatomical), Mexíkóskur krossmúll, spangamúll (lever noseband).

### Ekki leyft:

- Festimöguleikar á aðskildum hringjum fyrir höfuðleður eða tauma.
- Með stangakeðju eða festingum milli méla og múls.
- Með vogarafli.
- Tamningarbeisli með klemmum tengdum við mél.

## Íslenskar stangir

- Leyfðar í kynbótasýningum og keppni
- Leyfðar í öllum aldursflokkum og öllum greinum

Icelandic curb bit information 2023 (feiffengur.com)

### Leyft

- Einbrotin og tvíbrotin mél.
- Tungubogi má vera allt að 0,5 cm, mælt frá lægsta hluta bogans. Boginn getur annaðhvort náð yfir alla breidd mélanna eða í miðju mélanna óháð hvaða átt boginn fer.
- 

- Keðjan stillt um það bil 110 gráður milli stanga og munnlínu þegar taumsamband er haft.
- Mál:
  - Þykkt méla að minnsta kosti 1 cm. á tengipunkti.
  - Lengd lausrar tengingar méla við stöng: minnst 1.5 cm – mest 2.6 cm
  - Hringur: skal vera hringlaga en ekki sporöskjulaga.

- Leyfðir múlar:
- Enskur múll (án skáreimar)
- Mótaður múll (án skáreimar)

## Ekki leyft:

- Óbrotin mél
- Föst mél (föst tenging við stangir)
- Rennimöguleiki á mélum (mél renna gegnum hringina)
- Læsimöguleikar
- Óeðlilega langar stangir

# Pelham

- Leyft í keppni en ekki í kynbótasýningum
- Leyft í öllum aldursflokkum og öllum keppnisgreinum

## Leyft:

- Óbrotin mél, einbrotin og tvíbrotin mél.
- Föst mél (föst tenging við stangir).
- Tungubogi má vera allt að 0,5 cm, mælt frá lægsta hluta bogans. Boginn getur annaðhvort náð yfir alla breidd mélanna eða í miðju mélanna óháð hvaða átt boginn fer.
- Ríða skal með tvo tauma
- Tenging keðjunnar myndar um það bil 45 gráður milli stanga og munnlínu þegar taumsamband er haft.

- Leyfðir múlar:
- Enskur múll (án skáreimar)
- Mótaður múll (án skáreimar)

## Ekki leyft:

- Í kynbótasýningum
- Með rennimöguleika á mélum
- Með aðeins einum taum.

## Mélalaus beislisbúnaður

- Leyfður í kynbótasýningum og keppni
- Leyfður í öllum aldursflokkum og öllum greinum.

## Leyft:

- Mélalaus beisli með föstum tengingum fyrir höfuðleður, keðjuól og tauma.
- Efni úr reiðmúlum úr leðurmúlum (mjúkt efni) án málma eða viðlíka innleggi í búnaðinn.

## Ekki leyft:

- Með stöngum/stangaáhrifum (efri eða neðri stöngum).
- Með stöngum/stangaáhrifum  og keðju/ólum af neinu tagi.

**Til upplýsinga:**

**Aðeins beisli og reiðmúlar sem talin eru upp á leyfðu listunum eru leyfð til notkunar.  Eftirfarandi er bannað: Kineton reiðmúll, Miklem reiðmúll með klemmu, hefðbundinn beislisbúnaður notaður með mélalausum beislisbúnaði, Krossmúll, mexíkóskur krossmúll, þýskur reiðmúll (nasamúll), Miklem eða spangamúll  notaðir með mélum með stangaáhrifum, þ.e. keðju eða stöngum hvort sem er efri- eða neðri- stöngum.**